

17. maí 1968.

141

Nr. 61.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild til útgáfu reglugerðar um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Samgöngumálaráðuneytið hefur tjáð mér að nauðsyn beri til að gefa út bráðabirgðalög um heimild til útgáfu reglugerðar um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa.

Er sérstaklega brýn nauðsyn á útgáfu slíkrar reglugerðar nú þegar, þar sem almennar veiðar á fjarlægum miðum fara í hönd.

Auk þess ber nauðsyn til af öryggisástæðum að hafa sem gleggsta vitneskju um ferðir skipa og báta við strendur landsins og á úthöfunum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Samgöngumálaráðherra er heimilt að gefa út reglugerð um tilkynningarskyldu íslenzkra skipa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 17. maí 1968.*

Ásgeir Ásgeirsson.  
(L. S.)

*Eggert G. Þorsteinsson.*